

Guðrún Birgisdóttir lauk einleikarprófi árið 1979 frá Ecole Normale de Musique í París hjá Fernand Caratgé og veitti franska ríkið henni þriggja ára styrk til frekara náms hjá Raymond Guiot og Pierre-Yves Artaud við Tónlistarháskólann í París. Guðrún hefur einnig lagt stund á barokkflautuleik og farið utan til námskeiða og í einkatíma í þeirri grein. Árið 1982 hóf hún að kenna á flautu við Tónlistarskólana í Kópavogi og í Reykjavík og tók strax þátt í margs konar tónlistarflutningi. Hún hefur haldið fjölda einleikstónleika og komið fram sem einleikari eða kammermúsikant með Kammersveit Reykjavíkur, Kammermúsíklúbbnum, Trío Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Tíbrá og Norðurljósum - tónlistarhátíð Musica Antiqua, svo og í leikhúsum og óperum. Hún hefur haldið fjölda barnatónleika og tekið þátt í *Tónlist fyrir alla* frá upphafi. Guðrún hefur komið fram á tónleikum austan hafs og vestan og þá gjarnan flutt íslensk verk enda hafa íslensk tónskáld samið fyrir hana sérstaklega. Hún hefur notið starfsstyrkja frá bæjarfélagi sínu Kópavogi og hún hlaut Starfslaun listamanna árin 1995 og 2002.

Sigurður Ingvi Snorrason hóf nám í klarinettuleik hjá Vilhjálmi Guðjónssyni og síðar Gunnari Egilson í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Frá tólf ára aldri lék hann í danshljómsveitinni Orion en 17 ára gamall fór hann til framhaldsnáms í Vínarborg þar sem aðalkennari hans var prófessor Rudolf Jettel. Lauk Sigurður prófi frá Tónlistarháskólanum með láði árið 1971, þá 21 árs gamall. Árið 1973 var hann ráðinn til Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem hann hefur starfað síðan að undanteknum árunum 1981–1985 er hann vann að stofnun, og varð fyrsti skólastjóri Tónlistarskóla FÍH. Sigurður hefur oft komið fram sem einleikari, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands og leikið kammertónlist með hinum ýmsu tónlistarhópum. Hann hefur frá upphafi starfsferils síns leikið í hljómsveitum Þjóðleikhússins og Íslensku Óperunnar. Sigurður kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík og er deildarstjóri blásaradeildar skólans.

Anna Guðný Guðmundsdóttir brautskráðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1979 og stundaði framhaldsnám við Guildhall School of Music and Drama með sérstaka áherslu á kammertónlist og meðleik með söng. Hún hefur starfað á Íslandi undanfarin tuttugu ár; lengst af sem píanóleikari við Tónlistarskólann í Reykjavík auk þess að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Kammersveit Reykjavíkur, en hún hefur einnig komið fram sem einleikari með þessum hljómsveitum og hljóðritað íslenska píanókonsertra með Kammersveitinni. Anna Guðný hefur leikið á fjölmörgum kammertónleikum hér heima og erlendis og inn á fjölda geisladiska. Hún kennir nú við Tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Anna var útnefndur bæjarlistamaður Mosfellsbæjar 2002.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Guðrún Birgisdóttir

flauta

Sigurður Ingvi Snorrason

klarinetta

Anna Guðný Guðmundsdóttir

píanó

NETÚTGÁFA



Þriðjudaginn 19. ágúst 2003 kl. 20:30

Meðal allra síðustu verka Mozarts, Brahms, Regers og Poulencs voru verk fyrir klarinettu. Það sama gildir um **Camille Saint-Saëns** sem samdi Sónötu op. 167 árið sem hann lést, 1921. Verkið er í fjórum köflum, sá fyrsti er í senn tján-ingarríkur og angurvær en annar kaflinn fjörlegur og glettinn. Upphaf þriðja kaflans er alvarlegt, allt að því drungalegt, en hann fær á sig annan lit þegar á líður. Síðasti kaflinn er glæsilegur og kröftugur en niðurlagið er frásagnarkennd laglína fyrsta þáttar.

Saint-Saëns samdi Rómönsu op. 37 fyrir flautu og píanó (eða hljómsveit) árið 1874. Talið er að Paul Taffanel flautuleikari og tónskáld hafi haft mikil áhrif á tilurð hennar, enda hafði hann áður umritað mörg verk eftir Saint-Saëns fyrir flautu. Taffanel flutti rómönsuna í Salle Playel í París árið 1896. Hinn þekkti flautuleikari Marcel Moyse sem átti eftir að bera hróður franska flautuskólans víða um heim lék hana á tónleikum með höfund. Flautuleikarar halda mikið upp á þessa tónsmíð því hún er eitt fárra rómantískra verka sem samin hefur verið fyrir flautu.

Dmitri Shostakovich var tengdur leikhúsinu allt sitt líf og samdi mikið af tónlist fyrir leiksýningar og balletta. Sem táningur lék hann einnig á píanó undir sýningum þöglu kvikmyndanna og eftir hann liggur tónlist við þrjátíu og sjö myndir. Valsar og dansar eru stór hluti af þessari kvikmynda- og leikhústónlist og er það ef til vill sú hlið á Schostakovich sem fæstir þekkja. Þá fjóra valsa sem hér verða fluttir útsetti L. Atovmian og eru þeir teknir úr ópusnúmerunum 78, 27, 97A og 45.

Tarantella **Saint-Saëns** var skrifuð fyrir flautu, klarinetту og hljómsveit eða píanó og mun hafa verið frumflutt í íbúð Rossinis í París, en þeir höfðu þá nýlega hist, Rossini og hinn tuttugu og tveggja ára Saint-Saëns. Í upphafi þóttist Rossini hafa skrifað verkið en að flutningi loknum gaf hann hinu unga tónskáldi réttilega heiðurinn.

Efnisskrá

Camille Saint-Saëns 1835 – 1921	Sónata op. 167 fyrir klarinetту og píanó Allegretto Allegro animato Lento Molto allegro
Camille Saint-Saëns	Rómansa op. 37 fyrir flautu og píanó
Dmitri Shostakovich 1906 – 1975	Fjórir valsar fyrir flautu, klarinetту og píanó Vorvals (Frühlingswalzer) Grínvals (Scherzwalzer) Lírukassavals (Drehorgelwalzer) Vals (Walzer)
Camille Saint-Saëns	Tarantella op. 6 fyrir flautu, klarinetту og píanó.